

Læknisfræðileg ábyrgð og stjórnun sjúkraflutninga



Ágúst Oddson



Brynjólfur Á. Mogensen



Hjalti Már Björnsson



Hrafnkell Óskarsson

MIKIL ÞRÓUN hefur orðið í bráðalækningum utan sjúkrahúsa og sjúkraflutningum á síðustu árum og áratugum. Meiri þekking lækna og sjúkraflutningamanna ásamt betri lyfjum og tækjum hefur aukið gæði þjónustunnar og lífslíkur sjúklinga. Samfélagið og þeir sem þjónustuna veita gera eðlilega æ meiri kröfur til góðrar bráðþjónustu utan spítala.

Sérhæfð námskeið í bráðalækningum eru nú haldin fyrir lækna og kennsla í læknadeild er að breytast í samræmi við breytta tíma. Fjölmargir læknar hafa á síðustu árum lagt áherslu á að auka þekkingu sína í bráðalækningum utan sjúkrahúsa, sérhæfðri endurlífgun, meðferð mikið slasaðra og í hópslysafræðum. Til marks um breyttar áherslur er verið að koma á námi á Bretlandseyjum fyrir lækna í bráðalækningum utan sjúkrahúsa til viðbótar námi í bráðalækningum.

Menntun sjúkraflutningamanna hefur tekið miklum og jákvæðum breytingum. Kristinn Guðmundsson læknir stóð fyrir því, ásamt öðrum, að koma á reglulegum námskeiðum í sjúkraflutningum í lok áttunda áratugarins. Um 95% þeirra sem starfa við sjúkraflutninga hafa lokið þriggja vikna grunnnámi, margir hafa lokið fimm vikna viðbótarnámi í neyðarflutningum og fjöldi bráðatækna er kominn á annan tug. Sjúkraflutningaskólinn tók til starfa árið 2002 og er stefnt að því að hægt verði að hefja nám í bráðatækni á Íslandi og að námið verði á háskólastigi.

Við uppbyggingu menntunar sjúkraflutningamanna hér á landi hefur verið fylgt bandarískum staðli. Námskeið til réttinda sjúkraflutningamanna

samkvæmt staðlinum er stutt miðað við það sem gerist víða í Evrópu. Í íslenskum lögum er hins vegar ekki gerð nein stígun á menntun sjúkraflutningamanna sem er miður.

Menntun sjúkraflutningsaðila og fyrirkomulag sjúkraflutninga er mjög mismunandi í nálægum löndum. Þar sem við þekkjum til er allsstaðar kveðið skýrt á um læknisfræðilega stjórnun og ábyrgð. Í Bandaríkjunum og á Bretlandi geta bráðatæknar framkvæmt sérhæfð inngríp og gefið ákveðin lyf en undir nánu eftirliti ábyrgs læknis.

Víða annars staðar starfa bráðtæknar, hjúkrunarfræðingar og læknar saman í sjúkraflutningum en hvert sem kerfið er eru læknar, sjúkraflutningamenn og hjúkrunarfræðingar alltaf undir nánu eftirliti og starfa á ábyrgð læknis viðkomandi svæðis.

Í íslenskum lögum og reglugerðum er ekki kveðið skýrt á um ábyrgð í sjúkraflutningum eða læknisfræðilega stjórnun. Læknar telja að þeir beri ábyrgð á greiningu og allri meðferð sjúklings í sjúkraflutningum en margir sjúkraflutningamenn telja að þeir starfi á eigin ábyrgð og undir faglegu eftirliti landlæknis. Ágreiningur um ábyrgð og læknisfræðilega stjórnun er óviðunandi fyrir alla sem að sjúkraflutningum koma og sjúklingnum ekki til bóta. Hugsanlegur ágreiningur getur orsakað hættuástand fyrir sjúklinginn.

Við teljum eðlilegt og nauðsynlegt að setja reglugerð um bráðþjónustu við sjúklinga utan sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, þar með talda sjúkraflutninga, þar sem velferð sjúklingsins er höfð að leiðarljósi og skýrt er kveðið á um hlutverk og ábyrgð hvernar stéttar.

Ágúst er formaður Félags landsbyggðarlækna
Brynjólfur er sviðsstjóri Slysa- og bráðasviðs Landspítala
Hjalti Már er fulltrúi Landspítala í fagraði Sjúkraflutningaskólans
Hrafnkell er formaður Félags slysa- og bráðalækna